

Samþykkt um styrki og afmælisgjafir til íþróttá- og tómslundafélaga – verklag og verkferill

Samþykktir þessar eiga við þegar íþróttafélög og tómslundafélög sem er með rekstrar- eða þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ eiga afmæli eða sækja um sérstaka styrki utan samninga. Í fylgiskjali 1 er listi yfir þessi félög sem eru með slíka samninga og skal hann uppfærast á hverju ári. Íþróttá- og tómslundafulltrúi afgreiðir mál í kringum afmæli og styrki í samræmi við það sem fram kemur í samþykkt þessari.

Hafnarfjarðarbær gefur íþróttá- og tómslundafélögum afmælisgjöf þegar viðkomandi félag á stórafmæli (tug-afmæli). Afmælisgjafir til íþróttá- og tómslundafélaga eru 100.000 kr. að grunnupphæð að verðmæti árið 2017 fyrir áratugaafmæli að 40 árum. Fyrir 50 ára afmæli og hvern tug eftir það bætist við 50.000 kr. Heimild er að umbreyta pening í gjöf ef víska er fyrir því að viðkomandi gjöf muni nýtast félaginu.

Íþróttá- og tómslundafulltrúi skal kynna málið fyrir Íþróttá- og tómslundanefnd hverju sinni.

Umsóknir um styrki umfram 30.000 kr. skal leggja fyrir ÍTH nefndina sem afgreiðir þá. Tryggja skal að heimildir séu fyrir útgjöldum, hvort sem um styrk eða afmælisgjöf sé að ræða í fjárhagsáætlun hverju sinni annars skal sækja um viðbótarfjármagn með viðauka eða í næstu fjárhagsáætlun ef styrkurinn/gjöfin er á því ári.

Fulltrúi ÍTH, bæjarstjóri og/eða íþróttáfulltrúi mætir fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar sé boðið í afmælishróf og afhendir gjöf Hafnarfjarðarbæjar ásamt blómvendi.

Íþróttáfélög í hópíþróttum sem eru í ÍBH og verða Íslands- eða bikarmeistararar í efsta flokki fá um áramót 300.000 kr. sem afhendist á Viðurkenningahátíð Hafnarfjarðarbæjar.

Meistaraflokkur í hópíþrótt sem tekur þátt í Evrópukeppni fær styrk vegna verkefnisins; 300.000 kr fyrir hverja umferð.

Samþykkt í Íþróttá- og tómslundanefnd xxx 2017

Linnetsstíg 3 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5754 | [HYPERLINK "mailto:geir@hafnarfjordur.is"](mailto:geir@hafnarfjordur.is)
geir@hafnarfjordur.is www.hafnarfjordur.is

Fylgiskjal 1, frá apríl 2017

Íþróttafélag	Afmælisár
FH/Kaplakriki	1929
Haukar/Ásvellir	apríl 1930
Keilir	24. apríl 1967
Sörli	1944
Þytur	1975
ÍBH	28. apríl 1945
SH	1945
Björk*	1951
Hnefaleikfélag	2005
Fjörður	1992
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	1959
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	1965
Dansíþróttafélag	1995
Golfklúbburinn Setbergi	1994
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	1983
Kvatmíluklúbburinn	1975
Aksturíþróttafélag Hafnarfjarðar	2002
Bridgefélagið	
Lyftingafélag Hafnarfjarðar	2014
Hjólreiðafélagið Bjartur	2011
Önnur félög	
Brettafélag	2012
Skátafélagið Hraunbúar	22. feb 1925
Björgunarsveit Hafnarfjarðar	26. feb 2000
Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar	1951
Skákfélagið	Hluti af Haukum